

Djúpavogshreppur  
Páll Jakob Líndal  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

Reykjavík, 31. október 2018  
Tilvísun: 201810088 / 3.4

---

**Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags Eyjólfstaða, ferðapjónusta,  
Djúpavogshreppur**

---

Djúpavogshreppur hefur, með tölvupósti, móttækinn 23. október 2018, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn 18. október 2018 og varðar gerð deiliskipulags Eyjólfstaða.

Samkvæmt lýsingunni, sem dagsett er í október 2018, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir um 2 ha svæði í landi Eyjólfstaða. Á svæðinu hefur verið rekin ferðapjónusta yfir sumartímann frá árinu 1986. Í eldra íbúðarhúsi er gistirými fyrir 19 manns og umhverfis húsið er tjaldsvæði. Fyrirhugað er aðstöðuhús fyrir gesti tjaldsvæðis ásamt stækkun núverandi tjaldsvæðis um 0,2 ha. Einnig er gert ráð fyrir allt að 150 m<sup>2</sup> gistihúsi fyrir 20-24 manns.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á að í kafla 3.2.3 í aðalskipulagi Djúpavogshrepps er Eyjólfstaðir á lista yfir önnur merk hús í Djúpavogshreppi. Byggingarár þess er gefið upp <1920 og gæti því fallið undir lög um menningarminjar nr. 80/2012 um friðuð mannvirki.

Stofnunin minnir einnig á greinar 5.3.2.5 og 5.3.2.14 í skipulagsreglugerð vegna fjarlægðarmarka bygginga.

  
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir